



Áveitan

2. tbl. 14. árgangur. Febrúar 2020

"Þar sem lítið á sér stað" 79. Hjónaskemmtun Gaulverja (Þorrablót) í Félagslundi

Við minnum á hina árlegu hjónaskemmtun Gaulverja (Þorrablótið) sem fer fram í Félagslundi laugardagskvöldið 15. febrúar 2020.

Húsið opnar kl. 20:00 og borðhald hefst kl. 20:30. Miðaverð 8.000, matur er innifalinn í verðinu ☺ og mun Veislupjónusta Suðurlands sjá um hann. Einnig verður hægt að kaupa drykkjarföng til að væta kverkarnar. Hjómsveitin Næsland mun halda upp fjöri fram eftir nóttu.



Gott væri að greiða með peningum, þó verður posi á staðnum. Við viljum hvetja alla til að panta miða sem fyrst, en í síðasta lagi laugardaginn 8. febrúar hjá:
Guðbjörgu, í síma 486 3387 og 869 1182
Herdísi, í síma 486 3382, 868 4277 eða í gegnum netfangið:
seljatun@simnet.is

Nefndin

Fréttir frá aðalfundi og ársskýrsla

Aðalfundur Þjóttanda var haldinn 28. janúar sl. Á fundinum kom út ársskýrsla félagsins fyrir árið 2019 og fylgir hún Áveitunni að þessu sinni.

Á fundinum var kosin ný stjórn og skipa hana: Bryndís Eva Óskarsdóttir Dalbæ, formaður, Katrín Ástráðsdóttir Austurbæ, gjaldkeri og Magnús St. Magnússon Hallanda, ritari.

Fundurinn var góður og málefnalegur og m.a. var ákveðið að fjárfesta í nýjum glímudýnum á árinu.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanne Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Nú leggja þorrablótnefndirnar þrjár mikinn metnað í undirbúning þorrablóta og búið að fá leyfi fyrir þeim í öllum félagsheimilum þremur, Þingborg, Þjósárveri og Félagslundu.

Þorrablótin í Flóahreppi raðast í ár á þrjár helgar þannig að það er tilvalið ef aðstæður leyfa að panta miða á fleiri blót en eitt og borða þorramat, hlæja, dansa og skemmta sér með nágrönnum og vinum.

Margt hefur orðið til þess í janúarmánuði að minna okkur á nálægðina við náttúruöflin og hvað við verðum alltaf ótrúlega smá hvert og eitt í nálægðinni við þau þegar stormar geysa, snjóflóð falla, jörð skelfur og skógar brenna. Veðurfræðingar lofa okkur því nú að lægðabunan sem fór með hvern hvellinn á fætur öðrum fram hjá landinu okkar, sé farin hjá í bili og um leið breytingum á veðurfari, hægari vindi og bjartari dögum. Gott að sjá til sólar... og gott er fyrir Ástrali að fá steypiregn af og til.

Hvítá fór að renna inn á tún hjá bændum á Oddgeirshólum og Austurkoti og yfir heimreiðar en því var tekið með „stóískri“ ró og yfirvegun. Lögreglan, almannavarnir og bændur á svæðinu meðfram Hvítá fylgjast náið með aðstæðum við ána og eru í samráði þegar þannig stendur á. Bændur hafa gætt þess vel að búfenaður sé ekki geymdur þar sem hann gæti lokast af í vatnsflóðum. Áfram þarf að fylgjast með rennsli í Hvítá.

Starfsmenn Flóahrepps vinna að árstíðabundnum verkefnum. Endurskoðun bókhalds og stjórnsýslu vegna ársins 2019 stendur yfir með endurskoðendum KPMG, í framhaldi af því gerð ársreiknings.

Álagning fasteignagjalda er verkefni febrúarmánaðar á skrifstofu Flóahrepps. Fyrsti gjalddagi fasteignagjalda er 1. mars 2020, eindagi er síðasti dagur hvers mánaðar.

Álagningarprósentur fasteignaskatts í Flóahreppi árið 2020 verða sem hér segir: A-flokkur 0,50% af fasteignamati, b-flokkur 1,32% af fasteignamati, c-flokkur 1,65% af fasteignamati. Öll gjöld vegna sorphirðu, vatnsgjald og lóðaleiga, hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Gjalddagareglur fasteignagjalda fyrir árið 2020 verða eftirfarandi: Greiðslur

sem eru 20.000 kr. eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr. til 60.000 kr. greiðast á þremur gjalddögum; 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á níu gjalddögum; 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. Eindagi er síðasti dagur hvers mánaðar.

Ath. álagningarseðlar birtast hjá hverjum fasteignaeiganda á island.is en eru ekki prentaðir út nema fyrir þá sem sérstaklega óska þess. Kröfur á gjaldendur birtast í heimabanka. Greiðsluseðlar eru ekki prentaðir út nema sérstaklega sé óskað eftir því. (Fyrirtæki fá senda álagningaseðla og greiðsluseðla eins og verið hefur).

Öllum opinberum aðilum er skylt að fá „Jafnlaunavottun“ fyrir vinnustaðinn sem felst í samanburði starfa og launa, með tilliti til kyns, ábyrgðar, hæfni og menntunar. Starfsmenn hjá Flóahreppi voru 65 í desember 2019, í mismiklu starfshlutfalli. Undirbúningur fyrir „**Jafnlaunavottun**“ **Flóahrepps** er í gangi og er Flóahreppur búinn á fá tilboð frá fjórum vottunarstofum í vinnu við úttekt og eftirfylgni hennar.

Flóahreppur ætlar að halda samráðsfundi með sveitarstjórn og nefndum sveitarfélagsins í febrúar til þess að skoða „heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna“ og hvaða áherslur er hægt að leggja út frá þeim í sveitarfélaginu. Margt er þegar mjög vel gert í Flóahreppi og það verður lærdómsríkt að máta „**Heimsmarkmiðin**“ við þau verkefni sem eru þegar í gangi eins og vandaða sorpflokkun, sjálfbæra búskaparhætti, moltugerð, fullvinnslu á sláturúrgangi, þjónustu við ferðamenn, og ýmsa nýsköpun. Byrjað verður á vinnudegi með nefndarmönnum, síðan unnið úr niðurstöðum og þær svo kynntar fyrir íbúum um leið og kallað verður eftir sjónarmiðum á íbúafundi sem er áætlaður fyrir vorið. Í framhaldi af vinnu með nefndum, atvinnurekendum og íbúum verður tekin ákvörðun um mælikvarða og árangursmælingar.

Nýr sorphirðubæklingur verður gefinn út á árinu. Þar mun koma fram greining á magni endurvinnsluefna og úrgangs sem kemur frá Flóahreppi og hvort við höfum náð að bæta okkur í flokkun frá árinu á undan. Áherslan liggur áfram á því að ná öllum endurvinnanlegum efnum inn í hringrás endurvinnslunnar, þannig að sem minnst þurfi að fara til urðunar og endurvinnsluefni verði aftur að verðmætum varningi. Þannig er um leið hægt að minnka kostnað við þennan málaflokk.

Flest er hægt að endurvinna eða jarðgera ef rétt er flokkað.

Við biðjum ykkur að fara nákvæmlega eftir leiðbeiningum söfnunaraðila um flokkun á sorpi og minnka eins og þið mögulega getið það magn sem þarf að fara í gráu tunnuna.

Í lokin vil ég minna ykkur á **gott námskeið** sem atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps stendur fyrir í Þingborg 5. febrúar næstkomandi um **moltugerð**.

Með sólarkeðju,
Eyðís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri.

Pistillinn

Eftir miklar vangaveltur um hvert efni þessa pistils ætti að vera með tilheyrandi ritstíflu og skorti á andagift kom þetta efni til mín á síðustu stundu. Og þeim sem þekkja mig kemur það líklega ekki á óvart að ég skuli gera moltugerð að umtalsefni mínu hér. Umhverfismál hafa verið eitt af hugðarefnum mínum síðan ég var sjálf í grunnskóla.

Þegar ég fór í garðyrkjuskólann fyrir nokkrum árum að læra lífræna ræktun var moltugerð eða heimajarðgerð eitt af viðfangsefnum. Þetta verkefni var með þeim skemmtilegri sem ég hef unnið á lífsleiðinni, eins ótrúlega og það kann að hljóma í eyrum einhverra, og ekki skemmdi fyrir að samnemendur mínir í verkefninu voru jafn spenntir. Við fengum lífrænan úrgang og gátum svo valið hálm og húsdýraaburð að eigin vali sem íblöndunarefni. Ílátin voru svo staðsett inni upphituðu gróðurhúsi þannig að aðstæður voru eins og best var á kosið, en til þess gert að láta ferlið ganga hraðar fyrir sig. Verkefnið var að fylgjast með og stýra niðurbroti með því að gæta að raka og hitastigi í rotmassanum. Ákveðið hitastigsbil gefur til kynna að rétt virkni sé í niðurbrotinu, þ.e.a.s. réttar lifverur á lífi. Þessa daga mætti ég fyrir í skólann til þess að hlaupa niður í gróðurhús og mæla hitastigið og hræra ef þess þyrfti. Samtöl okkar nemendanna snerust þessar vikur að miklu leyti um hitastig í massanum og hvort það þyrfti að hræra eða bleyta í honum svo rétt virkni héldist. Við skiluðum svo með stolti þessari finu moltu og skýrslu í lokin.

En hvert er ég að fara, jú ég er að reyna að sannfæra ykkur um að moltugerð sé skemmtileg og í raun alls ekkert vesen. Og þá nálgast ég aðalatriði greinarinnar, brúna tunnan (lífræni úrgangurinn) verður sótt fjórtán sinnum árið 2020 í Flóahrepp. Þetta eru fjórtán góðar bílferðir nánast heim að hverjum bæ með tilheyrandi losun á gróðurhúsalofttegundum. Til okkar er sótt lífrænt efni, stútfullt af næringarefnum, til þess að eins að láta það brotna niður annars staðar og svo flytja það einu sinni enn þangað sem það er vonandi nýtt. Við sem búum fyrir utan þéttbýlið búum við kjöraðstæður til þess að taka fulla ábyrgð á lífræna úrganginum og búa til okkar eigin moltu heima á hlaði eða á bakvið skemmu. Við höfum einnig mörg hver tækifæri til þess að nýta afurðina, en moltan er hinn besti áburður sem hægt er að nýta t.d. á tré eða í landgræðslu. Hér sé ég vaxtartækifæri fyrir Flóahrepp sem fyrirmyndarsamfélag þegar kemur að flokkun og umhverfismálum, að við sjáum sjálf um lífræna úrganginn, jarðgerum hann og minnkum um leið kolefnissporið með því að fækka bílferðum Íslenska gámafélagsins.

Fyrir áhugasama þá er vert að benda á námskeið um moltugerð sem haldið

verður í Þingborg miðvikudaginn 5. febrúar fyrir íbúa í Flóahreppi. Einnig er hægt að finna fróðleik víða á veraldarvefnum.

Ég skora á Jóhannes Þormóðsson, Borgarhólum, að skrifa næsta pistil.
Íris í Krákumýri

Kæru félagsmenn Þjótanda

Ég þakka traustið fyrir formannsstöðu ungmennafélagsins. Ætla eftir bestu vitund að standa mig vel í því starfi. Sagt er að góður formaður sé sá sem er duglegur að setja verkefnið á fólkið og gera sem minnst sjálfur, nema þá helst að hafa yfirumsjón. En það krefst þess að fólkið sé jákvætt og samvinnuþýtt. Ég má ekkert vera að því að væla í fólki og plata það í vinnu. Félagið telur hátt í 300 félagsmenn sem segir mér að sveitin vill hafa ungmennafélag.

Svo ég segi aðeins frá mér að þá er ég einstæð móðir með tvo drengi og kúabú að meðalstærð. Fullt af áhugamálum en lítinn auka tíma. En mér þykir mjög væntum starf Þjótanda og vil gera mitt til að halda félaginu gangandi.

Með þessum orðum hér langar mig að biðla til ykkar félagsmanna um gott samstarf og óska eftir sjálfbærðum í verkefnið. Hlusta ekki á afsakanir um að fólk hafi ekki tíma, þetta snýst um vilja, og ég veit að við viljum öll halda lífi í félaginu okkar fyrir unga fólkið í sveitinni.

Með von um skemmtilegt samstarf.
Bryndís Eva í Dalbæ

Íbúafundur um skólamál

Sameiginlegur íbúafundur skólaráðs Flóaskóla og foreldraráðs Krakkaborgar verður haldinn í Þjósárverri miðvikudaginn 26. febrúar kl. 20:00.

Á fundinum verða til umræðu sameiginleg gildi skólanna.

HUGUR-HJARTA-HÖND.

Fundarmenn ræða gildin í minni hópum, fyrir hvað þau standa og hvernig hægt er að vinna með þau til að efla tengsl skólanna við nærsamfélagið. Við hvetjum íbúa til að mæta og taka virkan þátt í umræðu um skólamál.

Skólaráð Flóaskóla og foreldraráð Krakkaborgar

Í Flóaskóla er alltaf líf og fjör


7.- 10. bekkur skólans lagði mikla vinnu í árshátíðina sína sem fram fór í nóvember og var húsfyllir þegar þau fluttu bráðskemmtilegt leikrit sem bar nafnið Forysta í Flóa. Leikritið fjallaði um forystukindina Bobbu og gimbrina Beggu, líf þeirra og þær áskoranir sem þarf að yfirstíga í svona stóru og mikilvægu hlutverki sem þær gegndu. Einnig fluttu nemendur stutta leikþætti og sýndu myndbönd sem þeir bjuggu til þar sem þeir sýna spaugilega hlið skólastarfsins. Það er óhætt að segja að unga fólkið okkar er hæfileikaríkt og á eflaust eftir að láta að sér kveða á þessum vettvangi í framtíðinni.

Jólamánuðurinn gekk í garð og samkvæmt hefðinni gengu nemendur og starfsfólk skólans með kyndla og vasaljós yfir í Villingaholtskirkju og áttu þar góða stund. 4.- 6. bekkur fór í hellaferð í Jaðarkot, léku sér inn á milli trjáanna og hlýjuðu sér á heitu kakói og kexi. Í síðustu vikunni fyrir jólafrí tókust nemendur á við margvísleg verkefni í jólahringekju þar sem m.a. voru bakaðar vöflur, búnar til jólagjafir og annað tengt jólaundirbúningnum.

Janúarmánuður hefur einkennst af miklum veðrabreytingum eins og flest allir hafa orðið varir við og má eflaust segja að orðin „gul viðvörun“ og „appelsínugul viðvörun“ hafi verið orð mánaðarins. Þessa dagana er viðfangsefni innan skólans að læra um veðrið og er búið að setja upp heimatilbúna vind- og úrkomumæla í kringum skólann.

Elsta stigið vinnur hörðum höndum að verkefni sem hefur fengið nafnið Eyjan. Viðfangsefni nemenda er að búa til eyju og allt sem til þarf til að byggja sjálfbært samfélag og er unnið þvert á námsgreinar í þeirri vinnu. Verið er að leggja lokahönd á handrit að leikriti sem sýnt verður á árshátíð yngra stigs skólans. Fyrir valinu varð að æfa og sýna Kardimommubæinn. Því má búast við að yngri nemendur skólans söngli lögin sem við flest þekkjum úr leikritinu og fari að æfa hlutverkin heima við.

Grænfanaverkefnið okkar er á fullri ferð og má sjá nemendur jafnt sem starfsfólk sniglast um með lífrænan úrgang undir hendinni á leið sinni að moltukarinu. Næsta verkefni er að nemendur útbúi umhverfissáttmála og verður afraksturinn sýndur á fjölskyldudögum dagana 24.- 28. febrúar n.k.. **Fimmtudaginn 27. febrúar verður opið hús í Flóaskóla og hvetjum við alla til að koma í heimsókn til okkar og kynna sér líflegt skólastarf og fjölbreytt verkefni nemenda.**



Ársskýrsla 2019



Keppendur í flokki 8 ára og yngri á Héraðsleikum HSK, ásamt þjálfurum og stuðningsmönnum.

Skýrsla formanns

Stjórnina skipuðu:

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður

Magnús St. Magnússon, ritari

Lilja Ómarsdóttir, gjaldkeri

Aðalfundur Umf. Þjótanda var haldinn 4. febrúar í Þingborg en engar breytingar urðu á aðalstjórn félagsins. Á aðalfundinum voru veitt verðlaun fyrir íþróttamann ársins en þau hlaut Unnsteinn Reynisson frjálsíþróttamaður og félagi ársins var kjörin Rannveig Árnadóttir. Stjórnarfundir voru haldnir síðasta mánudag hvers mánaðar nema yfir há sumarið og auk stjórnar voru nefndarformenn og varastjórn boðuð á fundina. Félagið átti einnig tvo fulltrúa á Héraðsþingi HSK auk fulltrúa á aðalfundi glímuráðs HSK og frjálsíþróttaráðs HSK.

Árið 2019 var ár stöðugleika hjá Umf. Þjótanda. Engar nýjungar voru í starfinu en gamlir og góðir viðburðir héldu velli, flestir vel heppnaðir. Má þar t.d. nefna Flóahlaupið, útivistarverkefni Þjótanda, aðstoð við framkvæmd Fjörs í Flóa, aðkomu að 17. júní hátíðahöldum í Einbúa, Haustball og skötuveislu. Þessir viðburðir voru allir vel sóttir fyrir utan Haustballið en það kom því miður út í tapi þrátt fyrir að vera hin besta skemmtun. Öðrum viðburðum félagsins verða gerð skil í í skýrslum nefnda.

Við talningu kom í ljós að ungmennafélagið stóð fyrir 18 viðburðum á árinu auk þess að standa fyrir glímuæfingum og almennum íþróttæfingum allt árið. Það er gífurlega mikil starfsemi og mikið hefur mætt á stjórninni við skipulagningu og framkvæmd viðburðanna. Þegar Umf. Þjótandi var stofnað var það draumur undirbúningsnefndarinnar að stofnun félagsins, að með auknum félagafjölda í hinu nýja félagi væri hægt að virkja fleiri til starfa fyrir félagið og að nefndir félagsins gætu starfað sjálfstætt að framkvæmd ýmissa viðburða. Þetta hefur því miður ekki tekist nógu vel og er það von fráfarandi stjórnar að átak verði gert í því að bæta úr þessu á nýju ári. Einnig mætti hugsa sér að einstaklingar gætu boðið sig fram til að koma að undirbúningi ákveðinna viðburða eða verkefna og þannig lagt sitt af mörkum án þess að vera í stjórn félagsins. T.d. gætu einhverjir áhugasamir

útvistargarpar tekið að sér undirbúning útivistarverkefnis Þjótanda eða þá að hugmyndaríkir hestamenn myndu skipuleggja ungmennafélagsreiðtúrinn. Slíkt myndi létta starf stjórnarinnar talsvert og gera setu í stjórn félagsins eftirsóknarverðari. Öll viljum við nefnilega halda úti fjölbreyttu starfi en skipulagningin og framkvæmdin má helst ekki öll vera á höndum sömu einstaklinganna.

Kröfur á ungmenna- og íþróttafélög eru alltaf að aukast og er það af hinu góða. Í nútíma samfélagi er kallað eftir faglegu starfi og félög krafín um það að byrgja brunninn áður en börnin detta ofan í hann. Árið 2019 var lokið við það að útbúa persónuverndarstefnu og vinnsluskrá fyrir félagið en lögum samkvæmt þurfa ungmennafélög að eiga þessi plögg til ef eitthvað kemur uppá. Finna má persónuverndarstefnu félagsins ásamt öðrum grunnskjöllum félagsins á heimasíðu Flóahrepps. Ungmennafélagið hefur einnig tekið upp það verklag að fá sakavottorð hjá öllum þjálfurum félagsins þegar þeir hefja störf. Það er einnig lagaleg krafa sem gerð er á félög og gildir um alla einstaklinga sem starfa með ungmennum, sem launafólk eða sjálfboðaliðar.

Að vera í stjórn Ungmennafélagsins Þjótanda hefur verið skemmtilegt og gefandi og ég óska nýrri stjórn velfarnaðar í starfi. Að endingu vil ég þakka öllum stjórnarmönnum, sjálfboðaliðum, foreldrum og öðrum félögum kærlega fyrir samstarfið á árinu.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður



Keppendur í Brokk og skokk á Fjöri í Flóa

Ársskýrsla íþróttanefndar

Formaður: Stefán Narfi Bjarnason

Nefndarfolk: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Hólmar Höskuldsson, Kolbrún Katla Jónsdóttir og Brynjar Jón Brynjarson.

Mörg mót voru haldin í fyrsta mánuði ársins. Meðal annars aldursflokkamót HSK, unglíngamót HSK og héraðsmót HSK í frjálsum, sem fór fram í Kaplakrika þann 13. janúar. Þess má líka geta að Þjótandi sigraði héraðsmót HSK innanhúss í fyrsta sinn í sögu félagsins. Meistaramót Íslands 15-22 ára fór fram 26.-27. janúar í Kaplakrika. Einnig átti Þjótandi nokkra keppendur á Meistaramóti Íslands 11-14 ára í Laugardalshöll, meistaramóti fullorðinna og á Bikarkeppnum FRÍ.

Héraðsmót HSK í glímu fór fram á Laugarvatni laugardaginn 23. febrúar. Lið Umf. Þjótanda náði glæsilegum árangri, hampaði sjö héraðsmeistaratitlum og sigruðu drengirnir stigakeppnina í héraðsmóti drengja 11-20 ára og í karlaflokki. Jón Gunnþór Þorsteinsson vann Skarphéðinsskjöldinn í fyrsta sinn. Grunnskólammót Íslands í glímu var haldið á Hvolsvelli 16. mars. Flóaskóli og Þjótandi áttu þar hóp öflugra keppenda sem stóðu sig mjög vel og náði meðal annars í þrjá grunnskólameistaratitla.

Marín Laufey varð önnur á Íslandsglímumni sem fór fram í Hafnarfirði laugardaginn 23. mars, eftir úrslitaglímu við Jönu Lind Ellertsdóttur. Marín Laufey hlaut fegurðarglímuverðlaun kvenna á mótinu en þau verðlaun eru veitt þeim glímumanni sem þykir bera af öðrum hvað varðar glímufærni samkvæmt mati dómnefndar.

Flottur hópur frá Þjótanda tók þátt í Héraðsleikum HSK sem fór fram á Hvolsvelli þann 10. mars. Krakkar á aldrinum 9-10 ára kepptu í hinum ýmsu greinum á meðan 8 ára og yngri tóku þátt í þrautabraut.

Víðavangshlaup Umf. Þjótanda fór fram á Þjórsárbökkum sumardaginn fyrsta. 85 þátttakendur fóru brautina, hver á sínum hraða. Að hlaupi loknu fengu allir þátttakendur svaladrykk og verðlaun fyrir þátttökuna. Sigurvegarar í karla- og kvennaflokki fengu farandbikara og þau voru að þessu sinni Soffía Náttól Andradóttir og Unnsteinn Reynisson.

41. Flóahlaupið fór fram við Félagslund í Flóahreppi laugardaginn 6. apríl.

Keppendur voru 114 talsins og er það næst fjölmennasta hlaupið frá upphafi.

Umf. Þjótandi stóð fyrir hraðmóti í fótbolta á 17. júní í Einbúa. Mótið var fyrir alla krakka í 4. -10. bekk og í lokin keppti sigurliðið við úrvalslíð fullorðinna.

Á miðvikudagskvöldum í sumar voru íþróttæfingar á vellinum við Þjósárver. Þjálfari var Sunna Skeggjadóttir. Einnig voru leikjakvöld fyrir unglinga á fimmtudagskvöldum í sumar. Þjálfari var Stefán Narfi Bjarnason. Frábær þátttaka var á leikjanámskeiði Umf. Þjótanda í júní. Kennarar voru Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir.

Þjótandamenn kepptu á mörgum frjálsíþróttamótum í sumar. Vormóti HSK, Héraðsleikum HSK, Aldursflokkamóti HSK, Meistaramótum Íslands, Unglingalandsmóti UMFÍ, Héraðsmóti fullorðinna og stóðu þau öll sig afskaplega vel.

Flóamótið fór fram í finu veðri 6. september sl. Þátttakan var góð og margir foreldrar sem lögðu hönd á plóginn við framkvæmd mótsins. Í lokin fengu allir grillaðar pylsur og viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Frábær þátttaka hefur verið á glímuaefingum í ár og sá Stefán Geirsson um þær og honum til aðstoðar var Sigurður Emilsson. Skipta þurfti hópnum í tvennt í haust vegna góðrar mætingar. Þjótandi var með íþróttæfingar í Þingborg alla vetrarmánuðina. Eru þær alltaf vel sóttar, en æft er í þremur aldurshópum. Þjálfarar í ár voru Örvar Rafn Hlíðdal og Þröstur Hrafnsson.

Árið var farsælt á sviði íþróttanna en það sem skiptir hvað meira máli var góð þátttaka í hinum ýmsu íþróttakeppnum, æfingum og leikjum. Framtíðin er því björt og kveður íþróttanefnd Þjótanda 2019 með bjartsýni um að gott megi verða betra.

Stefán Narfi Bjarnason,
formaður íþróttanefndar Þjótanda



Boðhlaupssveit Þjótanda á
Héraðsmóti HSK

Ársskýrsla skemmtinefndar

Skemmtinefndin hóf árið með því að halda þrettándagleði í Félagslundi. Haldið var í hefðina með bingói og brennu ásamt því sem nokkrir hressir jólasveinar létu sjá sig og grilluðu sykurpúða með gestum. Vel mætt var á viðburðinn.

Ungmennafélagið stóð fyrir ferð í Rush trampolíngarðinn í mars. Farið var með rútu í bæinn í garðinn og mikil tilþríf voru sýnd. Góð þáttaka var í ferðina.

Skemmtinefndin stóð einnig fyrir páskabingói rétt fyrir páska í Þingborg. Félagsheimilið var stútfullt af fólki sem vildi láta reyna á heppnina og næla sér í gómsætt egg. 10. bekkur í Flóaskóla var með sjoppu.

Nefndin var með andlitsmálningu á 17. júní, sem haldin var í Einbúa í mjög góðu veðri.

Ungmennafélagsreiðtúrin var farinn 9. júlí í blíðskaparveðri. Byrjað var í Einbúa og farið með fram Hvítá að mörkum Langholts og Oddgeirshóla, riðið niður með þeim og niður í Sorta. Síðan til baka í Einbúa. Á leiðinni bauð félagið upp á heitt kakó. Um 40 manns mættu og heppnaðist ferðin mjög vel. Farin var kvöldganga um Reykjadal og Grænsdal 28. júlí sem var vel heppnuð þrátt fyrir fámenni.

Skemmtinefndarfólk kom að ýmsum öðrum viðburðum á vegum félagsins. Nefndin var í gæslu og með andlitsmálningu á Fjör í Flóa og aðstoðuð meðal annars í Flóahlaupinu, haustballinu og skótuveislunni. Einnig stóðum við fyrir jólasveinabjónustu á Þorláksmessu og aðfangadag.

Sunna Skeggjádóttir
Formaður skemmtinefndar



Þáttakendur í kvöldgöngu um Reykjadal 28. júlí

Einbúanefnd

Í Einbúanefnd Þjótanda sitja eftirtaldir:

Baldur Gauti Tryggvason

Einar Magnússon

Jón Gunnþór Þorsteinsson

Einbúanefnd hugsaði meira en framkvæmdir árið 2019. Ætlunin var að bera í veginn heim að Einbúa en það hafðist ekki þar sem ekki fannst hentugur dagur til þess. En það verður vonandi hægt á næsta starfsári.

Þjóðhátíðarskemmtun ungmennafélags og kvenfélaga Flóahrepps var haldin í Einbúa líkt og árið áður á 17. júní með fánareid, fjallkonu, söng og ræðum. Margmenni var og veður gott. Það er því vonandi að sú hátíð sé komin til að vera á svæðinu.

Nefndarmenn hittust einu sinni í sumar og hreinsuðu áhorfendapalla það er fyrir 17. júní. Einar í Oddgeirshólum sáu um annan slátt á svæðinu og er honum þakkað sérstaklega fyrir þann þátt. Og í haust keyrði Einar skít á svæðið svo vonandi verður það fallega grænt í vor.

Ekki kom það til sumarið 2019 að einhver hópur leigði Einbúa en það verður vonandi framhald af því að fólk sækir í svæðið á næstu árum, því það er alveg kjörið til hverskonar samkoma, ættarmóta eða vinaútilega, þrátt fyrir að okkur vanti þangað rafmagn.

Af verkefnum framundan 2020 er það helst að reyna að láta keyra

fyrir okkur möl í vegstubbinn

heim að Einbúa. Einnig er

ætlunin að lappa upp á

aðstöðuhúsið líkt og hefur

verið á stefnuskránni síðustu 2

ár. Þá fékkst í haust styrkur frá

Krónunni sem nýta á í að

koma upp nokkrum

frisbýgolfhólum á svæðinu.

Það eykur nýtingarmöguleika

svæðins enn frekar.



Baldur Gauti Tryggvason

Keppendur á Héraðsmóti í glímu

Skýrsla ritnefndar

Í ritnefnd þjótanda árið 2019 voru eftirtaldar:

Fanney Ólafsdóttir

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Bryndís Eva Óskarsdóttir

Ellen Bachmann Lúðvíksdóttir

Starf nefndarinnar var hefðbundið á árinu. Gefin voru út 12 tölublöð af Áveitunni og ein ársskýrsla. Nefndin fær afnot af ljósritunarávélinni í Flóaskóla til að fjölfalda blaðið og Flóahreppur stendur straum af dreifingarkostnaði. Að öðru leiti er blaðið gefið út í sjálfboðavinnu og eru um 8-10 klst vinna bak við hvert tölublað. Einstaklingar, félög og stofnanir hafa verið dugleg að senda efni í blaðið og er það ánægjulegt, fastir liðir eins og pistillinn og uppskriftahornið hafa gengið ágætlega og verða vonandi óbreytt á nýju ári. Áveitan er gefin út í 280 eintökum og að auki eru netáskrifendur um 80 talsins. Þá birtist blaðið á heimasíðu hreppsins, floahreppur.is Bestu kveðjur frá ritnefnd.

Fanney Ólafsdóttir formaður



Hressir krakkar að loknu Flóamóti 2019

Þorrablótsdeild

Í stjórn þorrablótsdeildar sitja:

Baldur Gauti Tryggvason

Magnús St. Magnússon

Dagbjartur Ketilsson

Snædís Mjöll Kristjánsdóttir

Í þriðja sinn hélt Þorrablótsdeild Þjótanda þorrablót í Þingborg þann 2. febrúar 2019. Þær breytingar voru gerðar á framkvæmd blótsins að skipuð var sérstök skemmtinefnd sem sá um að útbúa skemmtiatriðin sem eru svo nauðsynleg á þorrablótum. En Þorrablótsdeildin ásamt nokkrum ungmennafélögum sá um framkvæmdahlíð blótsins, það er ráða skemmtirkaftha og útvega matinn. Þetta lukkaðist að mestu ágætlega fyrir utan hvað fáir ungmennafélagar sáu sér fært að starfa að blótinu. En allt hafðist samt að lokum. Hljómsveitin Brimnes úr Vestmannaeyjum lék fyrir dansi fram eftir nóttu. Meistari Jakob fór með gamanmál. Veislustjóri var Gísli Guðjónsson ættaður frá Brúnastöðum og Flögu.

Þorrablótið gekk að mestu mjög vel, gestafjöldi á líkum nótum og árin á undan eða um 140 manns í mat. En fjárhagsleg hlið blótsins var ekki góð enda mikið lagt í að reyna að ná fjöldanum á blótinu aftur í það sem hann var á árum áður eða um 180-190 manns með því að ráða góða skemmtikrafta á blótið. Blótið skilaði ekki nema 4.818 krónum í hagnað en áður hafði Flóahreppur veitt deildinni 50.000 króna afslátt af húsaleigunni í Þingborg. Það er því ljóst að endurskoða verður rekstur blótsins og þá hvort Þjótandi eigi að koma að því sem fjárhagslegur bakjarl með Þorrablótsdeildinni. Enn og aftur skrifa ég það hér að Ungmennafélagið Þjótandi gæti haft þorrablótið sem gríðarlegan tekjustofn ef það væri vilji fyrir því innan sveitar að endurskoða framkvæmd þorrablóta sveitarinnar.

Baldur Gauti Tryggvason



Víðavangshlaupið á Þjórsárbökkum

Rekstrarreikningur Umf Þjótanda 2019

Tekjur

Félagsgjöld 2019	129,500
Prettándagleði	85,000
HSK mót	35,000
Áskrift Áveitan	37,500
Rush garðurinn	38,000
Páskaeggjábíngó	108,264
Flóahlaupið	315,474
Þáttökugjöld HSK	18,000
Íþróttagallar og bolir	45,500
Tækjakaup	145,000
Fjör í Flóa 2018	90,700
Eftir-Réttarball	291,200
Skótuveisla	283,702
Lottó	430,552
Umhverfisstyrkur Krónunnar	300,000
Styrkur frá Flóahreppi v/aksturs 1-3	160,000
Jötunn vélar - Áveitan v/2018	30,000
Jötunnvélar - Áveitan 2019 ógr. Um áramót	60,000
Árvirkinn - Áveitan	60,000
Styrkir UMFÍ, HSK, ÍSÍ	144,999
Samstarfssamningur Flóahrepps	862,781
Innheimtutekjur	10,086
Vaxtatekjur	135,131
Samtals	3,796,389

Gjöld

Prettándagleði	4,802
HSK mót	82,794
Rush garðurinn	56,000
Páskaeggjábíngó	21,960
Flóahlaupið	98,323
Viðavangshlaup	24,464
Einbúinn	51,581
Þáttökugjöld HSK	201,575
Íþróttagallir	25,075
Tækjakaup	290,000
Kostnaður vegna æfinga	1,018,500
Fjör í Flóa 2019	50,006
Kostnaður vegna mótahalds	107,961
Eftir-Réttarball	343,744
Skótuveisla	141,527
Annar kostnaður	76,801
Þjónustugjöld banka	13,942
Fjármagnstekjuskattur	29,727
Hagnaður ársins	1,157,607
Samtals	3,796,389

Ársreikningur UMF Þjótanda 2019

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir

Handbært fé

Veltureikningur 590116	1,323,088
Einbúi 301184	150,553
Aukareikn 301185	122
Reikningur 301053	7,469,464
Hjá gjaldkera	381,100
Samtals	9,324,327

Skuldir og eigið fé

Skuldir	0
Eigið fé	9,324,327
Samtals	9,324,327

Fé frá fyrra ári	8,504,908
Innh. V/2018	-552,492
Gr. V/2018	121,354
Óinnh. V/2019	92,950
Hagnaður ársins	1,157,607
Samtals	9,324,327

Fasteignir

Eign í íþróttavelli	1,405,000
Atrennubraut	650,000
Einbúi land	254,000

Aðrar eignir

Íþróttaáhöld	160,000
Pannavöllur	290,000
Hástökksdýnur	100,000
Fótboltamörk	35,000
Starbyssa	5,000
Glimubúningar og skór	15,000
Körfuboltaspjöld og hringir	170,000
Klifurkubbar	20,000
Fatnaður þjótandabólrir	70,000
Samtals	865,000

15/1 2020 Hef yfirfarið reikninga og erkert farnst
 atlunguvert Rauveig 'Órnadóttir'

Verðlaun veitt á aðalfundi 28. janúar 2020

Íþróttamaður Umf. Þjótanda 2019- Marín Laufey Davíðsdóttir

Marín Laufey var valin glímukona ársins í sjöunda skipti af Glímusambandi Íslands árið 2019. Hún hefur stundað glímu í um 13 ár og hlotið Freyjumenið fimm sinnum. Marín átti góðu gengi að fagna á glímuvellinum árið 2019 en hún var í verðlaunasæti á öllum þeim mótum sem hún tók þátt. Þar má nefna annað sæti um Freyjumenið, tvo Evrópumeistaratitla í keltneskum fangbrögðum og verðlaun fyrir að vera kona mótsins á Evrópumótinu. Marín er góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendum innan vallar sem utan og við í Umf. Þjótanda megum vera stolt af því að hafa hana innan okkar raða.



Félagi ársins- Stefán Geirsson

Stefán hefur verið glímuþjálfari Umf. Þjótanda frá stofnun félagsins og þjálfaði einnig fyrirrynnara þess. Glíman vex og dafnar undir stjórn Stefáns og er nú svo komið að fjöldi krakka á æfingum er svo mikill að skipta þarf hópnum í tvennt og þjálfna í tveimur hópum. Stefán er duglegur við að fara með krakkana á mót og koma iðkendurnir jafnan hlaðnir verðlaunum heim. Stefán er jafnframt formaður glímuráðs HSK og nær á þeim vettvangi að hlúa vel að glímunni á héraðs- og landsvísu. Stefán er iðkendum sínum góð fyrirmynd og það er mikil gæfa fyrir félagið okkar að hafa mann eins og hann innan sinna raða. Þess má einnig geta að Stefán er ekki bara iðinn við glímustörfin heldur er hann einnig bóggóður þegar kemur að öðrum verkefnum sem þarf að leysa innan félagsins.



Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps:

Folaldasýning

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahrepps verður haldin sunnudaginn 8. mars 2020 í Sleipnishöllinni að Brávöllum Selfossi og hefst hún kl. 13:30. Þátttökugjald er 2.500 kr. fyrir hvert folald og greiðist með reiðufé til gjaldkera. Skráningafrestur rennur út kl. 22:00 fimmtudaginn 5. mars. Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi. Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899- 5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang félagsins hrff.stjorn@gmail.com
Kaffiveitingar verða seldar í hléi.
Áhorfendur velja með kosningu glæsilegasta folaldið. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin, merfolöld og hestfolöld. Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl.13:00.

Aðalfundur

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Flóahrepps verður haldinn föstudaginn 6. mars í Þingborg. Fundurinn hefst kl. 20:30. Léttar veitingar og kaffi verða í boði félagsins. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Unnið er að því að finna gest sem myndi halda stutt fræðsluerindi. Nýir félagar sérstaklega velkomnir.

Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélags Flóahrepps og Hrossamessa verður haldin föstudagskvöldið 20. mars á Kríunni. Nánar auglýst síðar en takið daginn frá.
Þeir félagar sem ræktuðu eða eiga kynbótahross sem hlutu fullnaðardóm á kynbótasýningu á árinu 2019 mættu endilega senda okkur myndir og upplýsingar um hrossin á nefangið hrff.stjorn@gmail.com í seinasta lagi 10. mars nk. Þá eru einnig þeir sem hafa farandabikara í fórum sínum eftir síðustu uppskeruhátíð beðnir um skila þeim til stjórnarmanna við tækifæri, þó ekki síðar en á aðalfundi eða folaldasýningu félagsins þann 8. mars.

Kveðja stjórn Hrossaræktarfélags Flóahrepps



Úrslit af íþróttamótum

Héraðsmót HSK, Unglingamót HSK og Aldursflokkamót HSK voru haldin samhliða í Kaplakrika sunnudaginn 12. janúar síðastliðinn. Umf. Þjótandi átti fjölmarga keppendur á mótunum og fór yngsti hópurinn með rútu á mótið.

Nokkuð vannst af verðlaunum og gaman er að taka fram að keppandi Þjótanda, Árni Páll Hafþórsson setti HSK met í flokki 30-35 ára karla í 800m hlaupi innanhúss.

Á Héraðsmóti HSK vorum við í harðri keppni um fyrsta sætið í stigakeppninni en því miður náði Umf. Selfoss að sigra okkur með 10 stiga mun.

Hér að neðan má sjá árangur okkar fólks á mótunum þremur.

Aldursflokkamót HSK

Ásdís Eva Magnúsdóttir	'07	kúluvarp (2kg)	7,02m	7. sæti
Ásrún Júlía Hansdóttir	'08	langstökk	1,93m	7. sæti
Benóný Ágústsson	'08	langstökk	3,49m	3. sæti
		kúluvarp (3kg)	5,94m	5. sæti
Björgvin Guðni Sigurðsson	'09	60m hlaup	12,11sek	8. sæti
		hástökk	0,90m	6.-7. sæti
		langstökk	2,47m	7. sæti
		Kúluvarp (2kg)	6,09m	5. sæti
David Örn Aitken Sævarss.	'08	60m hlaup	10,26	6. sæti
		600m hlaup	2:26,43mín	6. sæti
		hástökk	1,20m	3. sæti
		langstökk	2,99m	8. sæti
		kúluvarp (3kg)	5,41m	6. sæti
Eyrún Sif Elíasdóttir	'07	kúluvarp (2kg)	7,67m	4. sæti
Eyþór Bergmann Ingvarsson	'09	60m hlaup	13,14sek	9. sæti
		hástökk	0,90m	6.-7. sæti
		Langstökk	2,54m	6. sæti
		kúluvarp (2kg)	5,37m	7. sæti
Hjalti Geir Jónsson	'06	60m hlaup	9,85sek	6. sæti
		langstökk	3,60m	6. sæti
		Kúluvarp (4kg)	7,14m	6. sæti
Hjörleifur Máni Rúnarsson	'08	kúluvarp (3kg)	4,83m	7. sæti
Karólína Þórbjergsdóttir	'09	60m hlaup	11,22sek	5. sæti
		600m hlaup	2:29,23mín	4. sæti
		langstökk	2,78m	5. sæti
		kúluvarp (2kg)	5,98m	5. sæti

Magnús Ögri Steindórsson	'09	60m hlaup	10,82sek	7. sæti
		600m hlaup	2:31,91mín	4. sæti
		kúluvarp (2kg)	6,07m	6. sæti
Óskar Freyr Sigurðsson	'07	langstökk	3,04m	9. sæti
		kúluvarp (3kg)	7,18m	4. sæti
Svandís Aitken Sævarsdóttir	'07	60m hlaup	9,32m	5. sæti
		hástökk	1,20m	4.-6. sæti
		langstökk	3,98m	5. sæti
		kúluvarp (2kg)	7,49m	5. sæti
Sæþór Leó Helgason	'09	60m hlaup	9,54m	2. sæti
		600m hlaup	2:37,67m	5. sæti
		hástökk	1,20m	2. sæti
		langstökk	3,50m	2. sæti
		kúluvarp (2kg)	8,59m	1. sæti
Þórunn Eva Ingvarsdóttir	'07	langstökk	3,29m	11. sæti

Unglingamót HSK

Unnsteinn Reynisson	'03	60m hlaup	7,98sek	4. sæti
		hástökk	1,70m	2. sæti
		langstökk	5,95m	2. sæti
Guðrún Ásta Ægisdóttir	'05	60m hlaup	9,53sek	6. sæti
		800m hlaup	3:10,68mín	2. sæti
		langstökk	3,33m	8. sæti
Einar Árni Ólafsson	'03	kúluvarp (5kg)	13,47m	1. sæti

Héraðsmót HSK

Árni Páll Hafþórsson	'89	60m hlaup	7,60sek	3. sæti
		800m hlaup	2:14,23mín	1. sæti
		hástökk	1,70m	2. sæti
		langstökk	5,88m	3. sæti
		kúluvarp (7,26kg)	10,68m	4. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	60m hlaup	8,16m	7. sæti
		hástökk	1,45m	5. sæti
		langstökk	5,07m	5. sæti
		Kúluvarp (7,26kg)	8,77m	6. sæti
Haraldur Einarsson	'87	60m hlaup	7,57sek	2. sæti
		60m grind	10,96m	2. sæti
		langstökk	6,03m	2. sæti
		kúluvarp (7,26kg)	10,88m	3. sæti
Stefán Narfi Bjarnason	'00	60m hlaup	7,68m	4. sæti
		800m hlaup	3:33,15mín	4. sæti
		60m grind	12,10sek	3. sæti

hástökk	1,65m	3. sæti
langstökk	5,11m	4. sæti
kúluvarp (7,26kg)	11,20m	2. sæti

MÍ 15-22 ára fórn fram í Kaplakrika helgina 25.-26. janúar síðastliðinn. Umf. Þjótan-
di átti nokkra keppendur á mótinu og eignaðist Íslandsmeistara í kúluvarpi. Hér er
árangur okkar fólks.

Elías Örn Jónsson	'03	60m hlaup	8,27sek	20. sæti
		200m hlaup	27,54sek	20. sæti
		langstökk	5,09m	9. sæti
		kúluvarp (5kg)	9,85m	12. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	60m hlaup	8,05sek	16. sæti
		200m hlaup	26,02sek	17. sæti
		400m hlaup	57,89	7. sæti
		hástökk	1,75m	2. sæti
		langstökk	5,79m	5. sæti
		kúluvarp (5kg)	9,95m	11. sæti
Einar Árni Ólafsson	'03	kúluvarp (5kg)	14,01m	1. sæti
Guðrún Ásta Ægisdóttir	'05	60m hlaup	9,48sek	20. sæti
		þristökk	8,45m	6. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	kúluvarp (6kg)	9,81m	5. sæti

Þorablótið í Þjörðsárverri

Við minnum á þorablót í Þjörðsárverri laugardaginn 8. febrúar
næstkomandi.

Heimatilbúin skemmtiatriði, matur frá Veisluþjónustu Suðurlands
og ball með hljómsveitinni Næsland fram eftir nóttu.

Miðaverð er 8.500 kr.

Ef svo óheppilega vill til að einhver forfallast biðjum
við fólk að láta vitá í síma 860-1744 (Heimir) þar sem
það er uppselt og kominn biðlisti.

Nefndin



Fréttir frá Krakkaborg

Gullin í grenndinni Samstarfsverkefni leikskólans Krakkaborgar og Flóaskóla



Gullin í grenndinni er samstarfsverkefni leikskólans Krakkaborgar og Flóaskóla. Verkefnið fékk styrk úr Sprotasjóði sem mun nýtast til fræðslu bæði fyrir nemendur og kennara sem koma að verkefninu. Nú eru Gullin í grenndinni að verða eins árs og hefur margt verið gert á þessu eina ári. Tveir elstu árgangar leikskólans og tveir yngstu bekkir skólans hafa hittst í Skagás einu sinni í mánuði og unnið fjölbreytt verkefni.

Eldri nemendur Flóaskóla hafa hafist handa við að byggja upp skóg við Flóaskóla. Lögð hefur verið áhersla á að fræða börnin um mikilvægi skóga í sambandi við að auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti, en þau hafa nú þegar plantað furutrjám og öspum í Skagás og við Flóaskóla. Hvert barn plantaði einni plöntu sem þau merktu og munu koma til með að fylgjast með henni vaxa og dafna. Einnig hafa þau verið að afgreina tré og öðlast þá þekkingu að tré eru lifandi verur sem þarfnast umhirðu svo að þau vaxi og dafni.

Starfsfólk skólanna hefur setið námskeið hjá Ólafi Oddssyni um skógarnytjar og fengið fræðslu um gróðursetningu frá Böðvari Guðmundssyni frá Skógaræktarfélagi Árnesinga. Á nýju ári verður haldið áfram að afgreina og klippa greinar niður í dældir sem rotna og verða næringarefni fyrir plöntur í skógarbotninum. Einnig verður greinunum safnað og þær nýtar í handverk og eldivið. Verkefnið hefur aukið samskipti milli skólanna ásamt því að efla vinatengs milli nemenda. En með þátttöku í Gullunum í grenndinni eykst þekking barnanna á mikilvægi skóga ásamt því að þau læra að bera virðingu fyrir náttúrunni.

Bestu kveðjur, nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

Frá Villingaholtskirkju

Messa verður í Villingaholtskirkju sunnudaginn 8. mars kl. 13.30. Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður haldinn strax að lokinni messu eða um kl. 14.30.

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar lesin
3. Skýrsla formanns sóknarnefndar vegna 2019
4. Reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Kosinn skoðunarmaður og varaskoðunarmaður reikninga
6. Kirkja, viðhald, umræður
7. Önnur mál

Hvetjum sem flesta til að mæta og ræða um mál kirkjunnar sem er kirkjan okkar allra.

Sóknarnefnd Villingaholtskirkju

Dagskrá mánaðarins

Námskeið í moltugerð	5. febrúar
Æfing í Þingborg	5. febrúar
Þorablót í Þjórsárveri	8. febrúar
Glímuæfing og íþróttæfing	10. febrúar
Glímuæfing eldri	11. febrúar
Æfing í Þingborg	12. febrúar
Fræðslufundur fyrir foreldra, Sigga Dögg	13. febrúar
Þorablót í Félagslundi	15. febrúar
Glímuæfing og íþróttæfing	17. febrúar
Glímuæfing eldri	18. febrúar
Æfing í Þingborg	19. febrúar
Glímuæfing og íþróttæfing	24. febrúar
Glímuæfing eldri	25. febrúar
Íbúafundur í Flóaskóla	26. febrúar
Æfing í Þingborg	26. febrúar
Opið hús í Flóaskóla	27. febrúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélagssins	6. mars